Bókhaldstenging við Payday

Síðast uppfært 08/07/2026 3:19 pm BST

Ef þú ert að nota bókhaldskerfi Payday og sölukerfi Noona þá getur þú nú tengt kerfin saman á einfaldan hátt þannig að salan í Noona flæði beint inn í bókhaldið þitt. Þetta ætti því að geta sparað þér tímann og peninginn sem fer í bókhaldið.

Helstu eiginleikar samþættingarinnar

Reikningar, kreditreikningar og endurgreiðslur úr Noona skrást beint í færslubók í Payday. Athugið að endurgreiðslur þar sem aðeins hluti upphæðarinnar er endurgreidd koma ekki yfir í Payday.


> Ef viðskiptavinur er í reikningsviðskiptum þá er viðskiptamaður stofnaður beint í Payday og krafan send þaðan út.

Hver getur notað tenginguna?


Forkröfur þess að þú getir tengt sölukerfi Noona við Payday er að þú þarft að vera skráður í *Allur pakkinn* hjá Payday og vera í sölukerfinu hjá Noona. Þessi tenging kostar þig ekkert aukalega.

Tengja Payday við Noona


1. Skráðu þig inn á Noona HQ aðganginn þinn.
2. Farðu í **Valmyndina -> Stillingar -> Viðbætur.**
3. Finndu **Payday appið** og smelltu á **Tengja**.




4. Síðan þarftu að veita Payday aðgang með því að smella á **Samþykkja** takkann.



5. Nýr gluggi með Payday ætti að opnast og þú skráir þig inn. Ef þú ert þegar skráð(ur) inn í Payday þá er þessu skrefi sleppt sjálfkrafa.




6. Því næst birtist gluggi þar sem þú getur stillt Noona samþættinguna. Tengja þarf alla greiðslumáta í Noona við þá bókhaldslykla sem bóka á greiðslurnar á í Payday. Þú getur alltaf fundið þessar stillingar undir **Stillingar** > **Fyrirtæki** > **Samþættingar** í Payday. Þar ættir þú finna Noona í listanum.



Hvernig fjarlægi ég tenginguna?

Þú fjarlægir tenginguna við Payday með því að fara undir **Stillingar -> Aðgangur -> Viðbætur** og smella á ruslatunnuna við Payday appið. Ef það er engin ruslatunna og það stendur **Tengja** (Install) þá er appið ekki lengur tengt.



Eins og alltaf, ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna